

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Eggert Gunnarsson, sæti 3ja mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

Ákærður greiði allan sakarkostnað og þar á meðal kr. 150.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Ólafssonar málflutningsmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1944.

Nr. 12/1944. **Réttvísín og valdstjórnin** (Theódór B. Lindal) gegn

Bjarni Hafstein Knudsen (Eggert Claessen).

Ölvun við akstur. Mútuboð o. fl.

Dómur hæstaréttar.

Með vætti vitna, sem styðst við niðurstöðu blóðrannsóknar, er sannað, að ákærði hefur neytt áfengis við akstur bifreiðar. Varðar það brot hans við 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þá er og sannað með vitnaskýrslum og játningu ákærða, að hann fékk amerískum hermanni, sem var í bifreið hans og var með áhrifum áfengis, stjórn bifreiðarinnar. Þetta hátterni varðar við 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Ákærði stöðvaði ekki bifreið sína, þegar lögreglumaður gaf honum skipun um það. Er það brot á 2. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 svo og 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Loks hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 109. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að bjóða lögreglumanni fémútu. Hins vegar er ósannað, að ákærði hafi ekið með meiri hraða en lög standa til.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin af héraðsdómara 60 daga fangelsi.

Svo þykir rétt að svipta ákærða samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 ökuskirteini 3 ár.

Brot ákærða gegn 109. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 varðar missi réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. s. 1.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ákærði, Bjarni Hafstein Knudsen, er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Theódórs B. Lindsals og Eggerts Claessens, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. nóv. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 18. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatans Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2782/1943: Réttvisin og valdstjórnin gegn Bjarna Hafstein Knudsen.

Málið er höfðað gegn Bjarna Hafstein Knudsen bifreiðarstjóra Þvervegi 2 hér í bænum fyrir brot gegn XII. kafla hegningarlaga nr. 19 1940, bifreiðalögum nr. 23 1941, umferðarlögum nr. 24 1941, áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Það var tekið til dóms hinn 2. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. marz 1923. Hann hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1) 14. des. 1937, kærður fyrir rúðubrot, og málið afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 2) 21. des. 1938, kærður fyrir óknytti, og málið afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 3) 16. sept. 1941, sektaður um 20 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 4) 5. maí 1942 sektaður um 50 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

- 5) 21. marz 1942 kærður fyrir ölvun við bifreiðarakstur, en málið féll niður.
- 6) 5. júní 1942, sektaður um 15 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 7) 22. sept. 1942 sektaður um 25 krónur fyrir ölvun.
- 8) 29. sept. 1942, dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, og sviptur kosningarrétti og kjörgengi.
- 9) 29. okt. 1942 kærður fyrir brot gegn 71. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en málinu lokið með því, að kærði greiddi kr. 300.00 í skaðabætur til bæjarsjóðs.
- 10) 15. marz 1943, sektaður um 500 krónur fyrir ógætilegan akstur bifreiðar.

Hinn 21. maí s. l. um klukkan 23.20 síðdegis var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að bifreiðinni R 2431 hefði þá rétt áður verið ekið frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur mjög hart og ógætilega, og að henni mundi hafa verið ekið suður að Skerjafirði. Ármann Sveinsson lögregluþjónn fór á bifhjóli að sinna þessu, og mætti lögregluþjónninn bifreiðinni, þar sem hún ók meðfram flugvellingum skammt frá Hörpugötu. Gaf lögregluþjónninn bifreiðinni merki um að stöðvast, en því var ekki sinnt. Veitti lögregluþjónninn bifreiðinni eftirför og náði henni brátt, þar sem hún hafði stöðvazt sem snöggvast. Sá hann þá, að ökumaðurinn flutti sig undan stýri bifreiðarinnar, en í ökumannssætið settist og tók við stjórn bifreiðarinnar amerískur hermaður. Lögregluþjónninn ætlaði að opna hægri framhurð bifreiðarinnar, sem þá var ekið mjög snögglega af stað. Missti lögregluþjónninn þá af hurðinni, en hljóp á eftir bifreiðinni, komst upp á afturvara hennar og náði þar fótfestu, barði á afturrúðu hennar og skipaði, að hún skyldi stöðvuð, sem þá var gert eftir stutta stund. Kom þá í ljós, að ákærði hafði ekið bifreiðinni, áður en hermaðurinn tók við stjórn hennar. Auk ákærða og nefnds hermanna voru í bifreiðinni annar amerískur hermaður og 3 stúlkur. Kveður lögregluþjónninn stúlkurnar hafa beitt sér fyrir því, að skipun hans um að stöðva bifreiðina væri hlýtt. Hann kveður ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis. Hafi það sézt á göngu ákærða, hann hafi reikað í spori, er hann kom út úr bifreiðinni. Hann hafi verið loðmæltur og rauðeygður. Þá hafi hann sifellt verið að væta á sér varirnar. Er lögregluþjónninn var búinn að handtaka ákærða, kveður lögregluþjónninn hann hafa tekið upp veski sitt og boðið sér 200.00 kr. til þess að hann væri látinn laus. Lögregluþjónninn kveður báða hermennina hafa verið undir áhrifum áfengis. Bifreiðin var færð að lögreglustöðinni ásamt nefndu fólki. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða. Reyndist áfengismagn blóðsins 1,14‰ eftir rúmmáli.

Magnús Sigurðsson lögregluþjónn, er hafði varðstjórn, er ákærði var færður á lögreglustöðina, kveður ákærða hafa virzt

litilsháttar undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið nokkuð rauðeygur og sífellt að bleyta á sér varirnar, en annars verið stilltur og skýrt rólega frá viðburðum.

Halldór læknir Stefánsson, sem tók ákærða blóð umrætt skipti, hefur borið, að ákærði hafi ekki virzt undir áhrifum áfengis.

Sigríður Ólafía Sigurðardóttir, ein stúlkunnanna, sem voru í bifreiðinni, skýrir svo frá, að um kl. 20.30 umræddan daga hafi ákærði komið heim til hennar í bifreiðinni, og voru hermennirnir þá með honum. Slóst vitnið í för með þeim, og var nú ekið nokkra stund um bæinn. Hermennirnir höfðu ákavítsflösku meðferðis, er þeir supu á nokkrum sinnum. Því næst ók ákærði suður að Skerjafirði og sótti tvær stúlkur, sem bættust í hópinn. Þarna suður frá tók ákærði upp vínflösku, sem hann afhenti hermönnum, er fengu honum tvo 100 króna seðla í staðinn. Þá var ekið til Hafnarfjarðar, þar sem hermennirnir fóru sem snöggvást úr bifreiðinni við Hótel Björninn. Meðan beðið var, saup ákærði einu sinni á annarri flöskunni, en þá var búið að blanda gosdrykk í innihald þeirrar flösku. Því næst var ekið til Keflavíkur. Í þeirri för neyttu hermennirnir vínsins, og ákærða kveður vitnið hafa sopið á annarri flöskunni á leiðinni suður eftir, enda þótt þær stúlkurnar hefðu orð á því, að hann mætti ekki neyta áfengis, er hann æki bifreiðinni. Vitnið kveður ákærða hafa ekið hratt, sérstaklega á leiðinni til baka frá Keflavík, og ákærði sagzt vera á 60 kílómetra hraða. Er ákærði varð lögregluþjónsins var, segir vitnið, að hann hafi fengið hermanninn til þess að taka stjórn bifreiðarinnar, og hafi hermaðurinn ekið af stað, er ákærði sagði honum, að allt væri í lagi. En er vitnið sagði hermanninum, að lögreglan vildi stöðva bifreiðina, hafi hann gert það. Eigi getur þetta vitni fullyrt, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis við aksturinn, en það telur, að hermaðurinn, sem ákærði fékk stjórn bifreiðarinnar, hafi þá verið með áfengisáhrifum.

Ásta Bjarnadóttir, sem kom í bifreiðina í Skerjafirði, segir, að við Hafnarfjarðarvegin hafi verið keypt ölföng í búð nokkurri. Öli og vini, sem ákærði var með, hafi síðan verið blandað saman, og hafi ákærði og hermennirnir síðan drukkið blönduna. Hafi ákærði neytt áfengis bæði á leiðinni til og frá Hafnarfirði. Eigi kveðst vitnið geta um það borið, hvort ákærði hafi selt eða útvegað áfengi, því að áfengið hafi komið í bifreiðina áður en vitnið kom í hana. Hins vegar hafi ákærði haft með vinið að gera, því að hann hafi tekið það upp. Vitnið kveðst eigi geta sagt, að það hafi merkt vín á ákærða, er hann ók, en segir, að hann hafi ekið allhart, án þess að það geti tilgreint hraðann nánar. Er ákærði varð lögregluþjónsins var, er elti bifreiðina, kveður vitnið hann hafa beðið hermanninn, sem fram í sat, að taka stjórn bifreiðarinnar, og hyggur vitnið ákærða hafa gert það vegna þess að hann

hafði neytt áfengis. Loks segir vitnið, að hermaðurinn, sem tók við stjórn bifreiðarinnar, hafi þá virzt vera undir áhrifum áfengis. Þenna framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Guðbjörg Björnsdóttir, er einnig kom í bifreiðina í Skerjafirði, kveður ákærða hafa drukkið áfengi bæði á leiðinni til og frá Hafnarfirði, og hafi hann virzt vera undir áhrifum áfengis, er bifreiðin var stöðvuð. Ákærði hafi ekið all hart, án þess að vitnið geti tilgreint nánar um hraðann.

Ákærði hafi áreiðanlega farið þess á leit við hermanninn, að hann tæki stjórn bifreiðarinnar eða færi í sæti hans, er lögreglan elti bifreiðina, en eigi kveðst vitnið hafa séð, að hermaðurinn væri undir áhrifum áfengis. Eigi getur vitnið um það borið, hvort ákærði hafi átt eða útvegað áfengið, en því hafi virzt annar hermaðurinn hafa það aðallega um hönd. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Þeir tveir hermenn, sem í bifreiðinni voru, hafa verið leiddir sem vitni. Þeir bera það báðir, að vins hafi ekki verið neytt í förinni, svo þeir vissu. Sá þeirra, sem var undir stýri bifreiðarinnar, er hún var stöðvuð, neitar því að hafa stýrt bifreiðinni, og segist aldrei hafa sezt í ökumannssætið. Hann kveðst ekki hafa orðið þess var, að ekið væri hratt. Hann neitaði því og fyrir réttinum, að hafa orðið þess var, að ákærði biði lögreglumanninum peninga til þess að sleppa sér, og neitar því að hafa sjálfur átt nokkurn þátt í því, að ákærði gerði það. Hinn hermaðurinn kveðst ekki hafa tekið eftir, hvort bifreiðinni væri ekið hratt eða hægt. Hann segist ekki hafa orðið þess var, að ákærði færi úr sæti sínu, og hinn hermaðurinn tæki stjórn bifreiðarinnar, en segir þó, að hann hefði hlotið að verða þess var, ef svo hefði verið. Hermennirnir eru sammála um, að þeir hafi, áður en þeir óku út úr bænum, keypt eina flösku af áfengi af Norðmanni nokkrum, sem þeir viti ekki frekari deili á.

Ákærði skýrir svo frá, að kl. 20.00 umræddan dag hafi hermennirnir komið á bifreiðastöðina Geysi, þar sem hann hefur afgreiðslu, og beðið um akstur allt kvöldið. Ákærði þekkti hermennina og varð við þessu. Óku þeir fyrst að Hverfisgötu 69, þar sem þeir tóku Sigríði Sigurðardóttur í bifreiðina, en síðan að Baugsvegi 3, þar sem hinar stúlkurnar komu í bifreiðina. En áður en farið var að smala stúlkunum, kveðst ákærði hafa ekið hermönnum á fund Norðmanns eins, sem seldi þeim ákavitisflösku á kr. 150.00, er ákærði geymdi nokkra stund, en rétti þeim síðar samkvæmt beiðni þeirra. Um líkt leyti kveðst ákærði hafa tekið við kr. 200.00 frá hermönnum sem fyrirframgreiðslu á akstrinum, sem þegar til kom kostaði þá ekki nema kr. 120.00, og endurgreiddi ákærði því kr. 80.00. Neitar ákærði því eindregið að hafa selt hermönnum vin. Síðan var ekið áleiðis til Hafnarfjarðar.

Á leiðinni út úr bænum, voru keyptar 15 flöskur af ávaxtadrykkjum. Fyrst var ekið til Hafnarfjarðar, stöðvað snöggvast við Hótel Björninn, síðan haldið áfram til Keflavíkur og svo ekið til Reykjavíkur aftur.

Ákærði segir, að hermennirnir og stúlkurnar, að Sigríði undantekinni, hafi neytt áfengisins, blönduðu fyrrgreindum ölföngum. Sjálfur kveðst hann ekki hafa neytt áfengis í förinni. Hins vegar hafi hann nóttina áður verið við skál, og um hádegið hafi hann drukkið bjór úr tveimur dósnum, sem hermenn höfðu skilið eftir heima hjá honum, en til vinnu sinnar hafi hann ekki farið fyrr en um kl. 4 síðdegis. Á heimleiðinni kveðst ákærði hafa ekið bratt og kveður hann vel geta verið, að hann hafi farið yfir löglegan hraða. Ákærði jatar, að hafa orðið þess var, að lögregluþjónninn gaf honum stöðvunarmerki. Hafi hermennirnir þá sagt, að ef þeir yrðu fluttir á lögreglustöðina, mundi komast upp, að þeir voru of seint úti, og annar þeirra beðið um að fá að taka stjórn bifreiðarinnar. Leyfði ákærði það, og ók hermaðurinn nokkurn spöl, en stöðvaði, er lögregluþjónninn var kominn aftan á bifreiðina. Eigi kveðst ákærði hafa vitað, hvort hermaðurinn sem hann leyfði stjórn bifreiðarinnar, var þá undir áhrifum vins, en telur það sennilegt, þar sem hann hafði neytt vins svo lengi. Ákærði jatar, að hann hafi tekið upp veski sitt og boðið lögregluþjóninum kr. 200.00, ef hann vildi sleppa honum og hermönnum. Segir ákærði, að hermennirnir hafi beðið hann að gera þetta og lofað að endurgreiða féð. Verjandi ákærða hefur lagt fram skrifleg vottorð hermanna, þar sem þeir staðfesta hlutdeild sína í þessu atferli ákærða.

Auk þeirra, sem í bifreiðinni voru, er lögregluþjónninn stöðvaði hana, hafði einn hermaður verið í förinni og kveður ákærði hann hafa beðið um, að hratt væri ekið áleiðis til bæjarins aftur vegna þess að hann væri tímabundinn. Hermaður þessi var farinn úr bifreiðinni, er hún var stöðvuð.

Eigi verður talið sannað, að ákærði hafi á ólöglegan hátt útvegað eða selt hermönnum áfengi. Það verður ekki heldur talið nægjanlega sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar. Með framangreindum vitnisburðum er það hins vegar nægjanlega sannað, að ákærði hafi neytt áfengis við aksturinn og varðar það við 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Eigi er upplýst, hvort hermaður sá, er ákærði fékk stjórn bifreiðarinnar, hafði ökuréttindi, en telja verður nægjanlega sannað, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis. Hefur ákærði því brotið gegn 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna með því að fá honum stjórn bifreiðarinnar. Með því að hlýða ekki skipun lögregluþjónsins um að nema staðar hefur ákærði brotið gegn 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Með því að aka of hratt hefur ákærði gerzt sekur við 26. gr. 2. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna og reglugerð nr. 23 1943, sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Loks hefur ákærði brotið 109. gr. hegningarlaganna með því að bjóða lögregluþjóninum fé í framangreindum tilgangi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga.

Samkvæmt 68. gr. 1 og 2. mgr. hegningarlaganna þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt og samkvæmt 3. mgr. sömu hegningarlagagreinar ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrl. Eggerts Claessen, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Bjarni Hafstein Knudsen, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt. Frá sama tíma er hann sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Eggerts Claessens, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. apríl 1944.

Nr. 99/1943. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Gísla Magnúsi Gíslasyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vara-refsing ákveðst 25 daga varðhald.